



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 15. desember 2020
SFS2020110032
198. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi samning við UngRÚV

Á fundi borgarráðs, 27. nóvember 2020 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

1. Óskaði RÚV eftir styrk frá Reykjavíkurborg vegna styrkja til UNGRÚV?
2. Ef svo var ekki, hver átti frumkvæðið að því að þessi styrkur var veittur?
3. Er ekki rétt að keypt þjónusta eigi að vera með virðisaukaskatti?
4. Ber ekki að auglýsa styrki til að gæta jafnræðis?

Svar:

1. Óskaði RÚV eftir styrk frá Reykjavíkurborg vegna styrkja til UNGRÚV?

Forsaga málsins er sú að RÚV og skóla- og frístundasvið hafa verið í samstarfi frá árinu 2015. Ber þar helst að nefna samstarf um verkefni tengdum Barnamenningarhátíð, m.a. verkefni *Ungir fréttamenn* og *Skrekur* þar sem RÚV hefur verið með beina útsendingu frá úrslitakvöldi *Skrekks*. RÚV hefur séð um beina útsendingu frá *Skrekki* frá árinu 2015, fyrir milligöngu KrakkaRÚV. Með samstarfi skóla- og frístundasviðs og RÚV jókst metnaður í framkvæmd og undirbúningi *Skrekks* auk þess sem tryggt var að útsendingar einkennast af fagmennsku.

Þegar UngRÚV kom til sögunnar árið 2017 höfðu átt sér stað samtöl á milli fulltrúa skóla- og frístundasviðs og KrakkaRÚV um skort á þjónustu fyrir unglinga á þessum vettvangi en UngRÚV er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og RÚV.

Raunin er sú að unglingar tengja ekki við KrakkaRÚV og finnst sú þjónusta hæfa yngri börnum. Bæði skóla- og frístundasvið og RÚV sáu frá upphafi mikil tækifæri til samstarfs með það að markmiði að styðja við unglingalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglinga í íslensku samfélagi. Þá voru aðilar samningsins með sameiginlega sýn um að gefa ekki afslátt af fagmennsku þegar börn og unglingar eru annars vegar. Til að tryggja frekari framgang verkefnisins voru aðilar sammála um að leggja til að gerður yrði samningur milli aðilanna.

Það má því segja að samstarfið hafi leitt af sér ákveðna þróun verkefnisins sem ekki var séð að yrði sinnt af öðrum aðilum enda er RÚV eini aðilinn sem rekur sambærilega einingu og

UngRÚV með áherslu á þjónustu fyrir unglinga, starfrækir meðal annars ungmennaráð og gefur unglingum tækifæri á að láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Þá er vísað til meðfylgjandi skýrslu með samantekt verkefna sem unnin hafa verið á grundvelli samstarfsins á árunum 2018 til 2020. Ljóst er af skýrslunni að í því samstarfi var hlutur unglinga á vegum skóla- og frístundasviðs mun meiri en gert var ráð fyrir í samningi þeim sem samstarfið grundvallast á.

Dæmi um afsprengi samningsins:

Stærsta samstarfsverkefni þessa samnings eru útsendingar á Skrekk en þessi stærsti viðburður ungmenna borgarinnar í skapandi starfi á ári hverju hefur fengið mun meiri miðlun frá því að þessi samningur kom til sögunnar. Má þar nefna beinar vefútsendingar af undanúrslitakvöldum sem áður höfðu ekki verið. Unglingar hafa fengið fjölda tækifæra til að vinna við þær útsendingar og kynningarefni tengt því. Verkefnastjóri UngRÚV hefur fylgt verkefnastjórum Skrekks í skólaheimsóknir og unnið heimildaefni um atriðin. Sem dæmi er tekið að beina útsendingin er margfalt flottari en áður var mögulegt með 8 myndavélum í sal, kranamyndavél og fleiru sem skiptir sköpum fyrir gæði útsendingarinnar.

UngRÚV skólinn var stofnaður í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur og hafa ungmenni verið í starfsnámi í sumarvinnu á RÚV við að móta hugmyndafræði og vinna dagskrárefni á UngRÚV undir leiðsögn starfsfólks RÚV. Þá hefur verið bein útsending á besta tíma af *Hæfileikunum*, hæfileikakeppni unglinga í samstarfi við frístundamiðstöðvarnar í Reykjavík. Þátttakendur fengu handleiðslu fagfólks á RÚV varðandi uppsetningu, framkomu og undirbúning. Kynnar voru unglingar úr *UngRÚV* ráðinu og dómnefnd var einnig samsett af unglingum. Unglingar unnu að myndatöku fyrir sjónvarp, hljóðupptöku, sviðsstörfum og förðun undir leiðsögn fagfólks. *Vika sex*, kynfræðsluefni á vegum Jafnréttisskóla Reykjavíkur. *Upptakturinn*, tónsköpunarverðlaun barna með upptöku, viðtölum og fjölda útvarpsþátta og myndbanda. *Ungir fréttamenn* sem hafa fengið þjálfun hjá helsta fagfólki RÚV sem hafa svo unnið fréttir um viðburði Barnamenningarhátíðar. *UngRÚV* hefur farið í félagsmiðstöðvaheimsóknir og tekið hús á stemmingunni á unglingum í félagsmiðstöðvum. Unglingar hafa unnið þætti um umhverfismál *Lítill skref*. Útvarp *UngRÚV* er þáttur í línulegri útvarpsdagskrá unninn af unglingum fyrir unglinga og margt fleira sem má lesa ítarlegar um í meðfylgjandi skýrslu.

Framlag RÚV til skóla- og frístundasviðs er, eins og fram kemur í samstarfs- og styrktarsamningi til 2022, að RÚV mun þróa vefsíðunvarp fyrir ungt fólk (8. – 10. bekkina) í samstarfi við SFS. RÚV mun leggja til grundvallar miðilinn UngRÚV og RÚV núll þar sem unglingum í Reykjavík gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu, stuttmyndum, jafningjafræðslu o.fl. RÚV mun halda námskeið fyrir reykvíska unglinga í tækni- og dagskrárgerð og þátttöku í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV og RÚVnúll. Þátttaka í stefnumótun UngRÚV og hugmyndum að verkefnum og útfærslum þeirra. Aukinn sýnileiki unglinga í línulegri dagskrá RÚV, bæði í almennt dagskrá og sérstakri dagskrárgerð. Vefútsendingar af undankvöldum Skrekks og bein útsending af úrslitakvöldi Skrekks auk myndrænnar skrásetningar á skólaheimsóknum viku fyrir Skrekk.

Til að tryggja frekari framgang verkefnisins voru samstarfsaðilar sammála um að leggja til að gerður yrði samningur milli RÚV og skóla- og frístundasviðs. Ekki var um að ræða að RÚV hefði haft frumkvæði að þessum samningi heldur var hann afrakstur árangursríks samstarfs síðastliðinna ára.

2. Ef svo var ekki, hver átti frumkvæðið að því að þessi styrkur var veittur?

Vísað er til þess sem fram kemur í lið 1 um tilurð samningsins.

3. Er ekki rétt að keypt þjónusta eigi að vera með virðisaukaskatti?

Ef svo væri þá er það RÚV að skila virðisaukaskatti. Framangreint ákvæði samningsins hefur eðli málsins samkvæmt ekki áhrif á skyldu til greiðslu virðisaukaskatts þar sem við á.

4. Ber ekki að auglýsa styrki til að gæta jafnræðis?

Í tengslum við gerð samnings við RÚV árið 2018 var aflað álits embættis borgarlögmanns um hvort fyrirbyggjandi drög að samningi við RÚV væru í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Álit borgarlögmanns, dags. 30. maí 2018, er hér meðfylgjandi.

Í tengslum við samning þann sem nú er til meðferðar var fengin staðfesting innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar á að efni fyrirhugaðs samnings skóla- og frístundasviðs og RÚV falli undir reglugerð 1000/2016, um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Í staðfestingu innkaupaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. október sl. kemur eftirfarandi fram:

„Efni samningsins fellur undir félagslega þjónustu og aðra sértæka þjónustu í skilningi kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (sjá orðasafn Evrópusambandsins (CPV), sbr. reglugerð EB nr. 933/2010 og reglugerð EB 1000/2016 er sú þjónusta sem fellur undir CPV númer 80000000-4 (Menntunar og þjálfunarþjónusta) og 80310000-0 (Fræðsla ungmenna) útboðsskyld í samræmi við kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Umrædd kaup teljast vera sértæk þjónusta í skilningi 4. gr. reglugerðar 260/2020 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

Skv. 4. gr. reglugerðarinnar er viðmiðunarfjárhæð slíkra kaupa kr. 97.770.000. Ljóst er því að kaupin eru ekki útboðsskyld.



SAMSTARFS- OG STYRKTARSAMNINGUR SFS OG RÚV UM UNGRÚV 2018 - 2020

Samantekt í lok þriggja ára samningstíma

ÚTDRÁTTUR

Farið yfir helstu verkefni, möguleika og tækifæri í samstarfi SFS og RÚV um UngRÚV

Harpa Rut Hilmarsdóttir

Skýrsla skrifuð í samstarfi við Hafstein Vilhelmsson hjá UngRÚV

Innihald

Hvað er UngRÚV?	2
Samstarfs og styrktarsamningur RÚV og SFS um UngRÚV 2018 – 2020	3
Hvað kom út úr samstarfinu?	4
SKREKKUR - Hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík.	4
UngRÚV Skólinn	4
Hæfileikarnir	5
Ungir fréttamenn á Barnamenningarhátíð	5
Upptakturinn	6
Vika sex	6
Skólaheimsóknir 10. bekkina	6
Félagsmiðstöðvarheimsóknir	6
Lítil skref	7
UngRÚV ráðið	7
Hvað geta Ungmennirnir gert?	7
Útvarp UngRÚV,	7
Unglingar gegn ofbeldi	7
Verksmiðjan	8
Danskeppni Samfés	8
Stíll hönnunarkeppni Samfés	8
Samfés ballið	8
Söngkeppni Samfés	8
Rímnaflæði	8
Þingfundur ungmenna	9
Tækifæri í náinni framtíð í áframhaldandi samstarfi	9


Hvað er UngRÚV?

UngRÚV er þjónusta RÚV fyrir fólk í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Lögð er áhersla á dagskrárefni fyrir unglunga, eftir unglunga, beinar útsendingar frá viðburðum og vandað efni sem framleitt er af RÚV. UngRÚV er með starfandi ungmennaráð sem sér um hugmyndavinnu, framleiðslu og aðrar dagskrártengdar ákvarðanir. UngRÚV er samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og RÚV.

Með tilkomu UngRÚV varð til miðill þar sem efni sem höfðar til unglunga er tekið saman á einn stað. Hlutverk miðilsins er fyrst og fremst að búa til tækifæri til að láta hugmyndir unglunga verða að veruleika. UngRÚV er vettvangur fyrir umfjöllun um viðfangsefni unglunga og unglingaviðburði. Miðillinn eykur sýnileika unglunga og unglingamenningar.

Unglingar fá tækifæri til að læra af miðlinum og starfsfólki RÚV um alla þætti fjölmiðla og fjölmiðlunar. Hann er því hugsaður sem valdefling fyrir unglunga og skapandi vettvangur til að vinna með hugmyndir þeirra og virkja þau. Með tilkomu UngRÚV hafa raddir unglunga fengið að heyrast meira en nokkru sinni á ríkismiðli.

Miðillinn er í stöðugri þróun og opinn fyrir öllum hugmyndum unglunga.



Samstarfs og styrktarsamningur RÚV og SFS um UngRÚV 2018 – 2020

Í maí 2018 gerðu Skóla- og frístundasvið og RÚV með sér samstarfs og styrktarsamning um að RÚV myndi þróa nýja þjónstu fyrir unglinga. Í þeim samningi kemur eftirfarandi fram.

UngRÚV er þjónusta við ungt fólk þvert á miðla RÚV. Markmið samstarfs RÚV og SFS er að unglingar í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík fái tækifæri til að þróa og taka þátt í verkefnum UngRÚV þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og mismunandi hæfileika samfélagsins.

Verkefnið mun felast fyrst og fremst í eftirfarandi:

- RÚV þróar vefsjónvarp fyrir ungt fólk (8., 9. og 10. bekkina), í samstarfi við SFS.
- RÚV leggur til tækja- og tæknibúnað til að streyma frá að minnsta kosti þremur unglingaviðburðum á vegum SFS á gildistíma samnings þessa.
- RÚV leggur til grundvallar miðil (UngRÚV) þar sem unglingum gefst tækifæri til að koma á framfæri eigin framleiðslu, t.a.m stuttmyndum, videobloggi, jafningjafræðslu, tískubloggi o.fl.
- Námskeið í tækni- og dagskrárgerð haldið árlega á vegum RÚV, þar sem um tuttugu reykviskum unglingum, ásamt jafnöldrum þeirra annars staðar af landinu, er boðið að taka þátt.
- RÚV gefur ungu tæknifólki möguleika á að taka þátt í framleiðslu á efni fyrir UngRÚV, að undangengnu námskeiði.
- Aðilar í samstarfi við UngRÚV setja á laggirnar teymi sem mótar dagskrárstefnu í samráði við dagskrárstjóra RÚV.
- Gæta skal trúnaðar gagnvart málefnum barna og skal tryggt að aflað sé samþykkis forsjáraðila þegar við á.

Samningurinn er mjög í takt við helstu markmið nýrrar menntastefnu sem eru eftirfarandi:

Að öll börn:

- vaxi, dafni og uni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri námslega og félagslega í skóla- og frístundastarfi.
- lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru.
- sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun.
- tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Síðan þessi samningur var gerður þá hefur RÚV þróað vefsjónvarp fyrir ungt fólk í samstarfi við SFS.

Hvað kom út úr samstarfinu?

Hér að neðan er umfjöllun um það helsta sem varð til í samstarfi UngRÚV og SFS

SKREKKUR - Hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík.

Hástökk í fagmennsku og umfjöllun um viðburðinn eftir að UngRÚV samstarfið hófst. Lokakvöld



Skrekks er í beinni útsendingu á RÚV og á UngRUV.is. Úrslitakvöldið með 8 myndavélum, krana og öllu tjaldað til auk þess sem búið er að taka upp innsög um atriðin sem sýnd eru í útsendingunni áður en þau koma á svið. Fulltrúi UngRUV hefur síðastliðin tvö ár farið með verkefnastjóra og sviðsstjóra Skrekks í heimsóknir í alla unglingaskólana og tekið upp kynningar á öllum hópunum/atriðunum. Öll

undankvöldin þrjú eru sýnd í beinu streymi á UngRUV.is en það hafði aldrei verið gert áður en samstarfið hófst. Kynningarinnslög sem tekin voru upp í skólaheimsóknunum hafa verið sett á vefinn á hverju keppniskvöldi. Aukinn metnaður hefur verið lagður í þessar útsendingar á hverju ári með meiri aðkomu unglinganna á öllum stigum verkefnisins. Áhugasamir unglingar hafa séð um að myndblanda í beinni útsendingu. Öll atriði birtast á vefnum eftir keppni og er áhuginn gríðarlegur. Unglingar hafa verið baksviðs með samfélagsmiðla UngRÚV að miðla fréttum af stemmingunni. Stutt peppmyndbönd gerð með þekktum fyrrum Skrekksþátttakendum um mikilvægi Skrekks fyrir þau. Fulltrúar þátttakenda á úrslitakvöldi hafa verið í beinni útsendingu í lok fréttu á RÚV. Sigurvegarar Skrekks hafa komið í viðtal á RÚV daginn eftir úrslit og talað um atriðið og sigurinn.

<http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/skrekkur-2019/29600/8q96h5>

Tækifæri: Möguleiki er fyrir hendi að unglingar hvers skóla gerðu sjálf myndböndin fyrir undankvöldin í samstarfi við félagsmiðstöðvar. Þau fengju listrænt frelsi með skýrum leiðbeiningum. Framleiða strax að vori peppmyndbönd með fyrrum Skrekksþátttakendum.

UngRÚV Skólinn

SFS og UngRÚV hófu samstarf um **UngRÚV skólann í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur** strax sumarið 2018. Um 15 unglingum boðið að koma og vinna við dagskrágerð í fjórar vikur hvert sumar á launum hjá Vinnuskólanum. Aðferðafræðin er að „læra með því að gera“. Unglingarnir byrja á að vinna saman í hópum og koma sér saman um hugmynd sem þau vilja framleiða. Í tókunum var skipt upp í stöðvar þar sem allir fengu að spreyta sig á þáttastjórn, myndatöku, hljóðupptökum og leikstjórn ásamt því að fá innsýn inn í starfið á RÚV. Hugmyndin að þessu samstarfi varð til í samtali fulltrúa SFS og UngRÚV og Vinnuskólinn greiddi laun unglinganna.

Tækifæri: Í sumar gætu UngRÚV skólaunglingar verið ungir fréttamenn sem segðu fréttir af því sem er að gerast hjá unglingum í borginni. Ungu fréttamennirnir fengju almennt fjölmiðlanámskeið hjá sérfræðingum á RÚV. Munum ræða við fréttastofu RÚV um að Ungir fréttamenn eigi eitt innslag á viku í fréttum.

Hæfileikarnir



Árið 2019 var bein útsending af **Hæfileikunum, hæfileikakeppni unglunga í félagsmiðstöðvum í Reykjavík**. Þessi keppni hefur verið haldin á Barnamenningarhátíð áður undir nafninu Reykjavík hefur hæfileika.

Bein útsending var úr Stúdíó A í línulegri dagskrá á besta tíma í samstarfi við frístundamiðstöðvar í Reykjavík. Allar félagsmiðstöðvar héldu undankeppnir og fóru

tvö atriði frá hverri frístundamiðstöð í lokakeppnina. Atriðin fengu handleiðslu fagfólks á RÚV varðandi uppsetningu, framkomu og undirbúning. Kynnar voru unglingar úr UngRÚV ráðinu og dómnefnd var einnig samsett af unglingum. Óskað var eftir unglingum sem höfðu áhuga á myndatöku fyrir sjónvarp, hljóðupptöku, sviðsstörfum og förðun. Áhuginn var mikill og fengu unglingar úr félagsmiðstöðvum borgarinnar að spreyta sig í þessum hlutverkum undir leiðsögn fagfólks. Gerð var tilraun með að hafa kosningu á UngRÚV spilaranum í samstarfi við hugbúnaðardeild RÚV sem var skemmtileg viðbót við vel heppnaða keppni.

Tækifæri: Gæti orðið hæfileika uppskeruhátíð þar sem sigurvegarar í stórum keppnum myndu keppa sín á milli. Söngvakeppni Samfés, Stíll, Rímnaflæði, Skrekkur, Danskeppnin, Taka, Upptakturinn og hægt að útvíkka verkefnið enn frekar. Möguleiki væri að halda kosningu þar sem unglingar um allt land geta kosið á milli atriða. Ágóði kosningarinnar færi til málefnis sem unglingar gætu kosið um eða Hæfileikaráð myndi kjósa um.

Ungir fréttamenn á Barnamenningarhátíð




Ungir fréttamenn á Barnamenningarhátíð hafa fengið kennslu hjá helstu sérfræðingum RÚV og flutt fréttir af viðburðum Barnamenningarhátíðar. Auglýst hefur verið eftir umsóknum um þessi hlutverk og hafa unglingar sent inn myndbandsumsóknir og metin í störfun út frá

þeim. Fréttirnar hafa verið birtar undir sérstökum hnappi á forsíðu Ruv.is og sumar hafa ratað inn á almennu fréttaveituna. Þetta hlutverk hefur verið valdeflandi fyrir unglingana en að auki listrænt og skapandi. Langflestir unglingarnir sem tekið hafa þátt eru úr Reykjavík.

Upptakturinn

UngRÚV hefur lagt mikinn metnað í umfjöllun í útvarpi og á vef um **Upptaktinn**,




tónsköpunarverðlaun barna á

Barnamenningarhátíð og hefur tekið þann viðburð upp á hærra plan með flottum viðtölum við ungu tónskáldin, útsendingum og umfjöllun. Upptakturinn er samstarfsverkefni með Hörpu tónlistarhúsi, Barnamenningarhátíð í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. UngRÚV framleiddi 6 útvarpsþætti, þar sem tónsmið og tónskáldi var fylgt í tali og tónum frá hugmyndastigi og til

frumflutnings. Þættirnir voru fluttir á Rás 1 og gerðir aðgengilegir á vef UngRÚV, ásamt myndböndum með viðtölum við krakkana og lokaflutningi verksins. Sýnt var beint frá viðburðinum á vef UngRÚV.

Vika sex



Fimm þátta sería þar sem Kolbrún Hrund Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri jafnréttisskóla Skóla- og frístundasviðs fræðir unglinga um kynvitund og yndisleika kynlífsins. Hér er farið yfir þá hluti sem oft eru ósagðir og líka hvernig kynlífsmenning nútímans er. Þættirnir fjölluðu um smokkinn, samskipti í kynlífi, snípinn, samfélagsmiðla og sjálfsfróun. Einstaklega góð viðbrögð voru við þessu efni. Þáttunum var deilt á Facebooksíðu SFS og í pósti á alla skólastjórnendur í Reykjavík. Margir skólar deildu þeim áfram á sínar síður og vitað er til þess að kennarar nýti þessi myndbönd í kennslu.

Skólaheimsóknir 10. bekkinga

Haut 2018 og vor 2019 var 10. bekkingum í grunnskólum Reykjavíkur boðið í **heimsókn í RÚV**, í leiðsögn um húsakynnin, læra um fjölbreytt störf fjölmiðlafólks og kynnast hlutverki fjölmiðlanna. Áhersla er lögð á að gera heimsóknirnar spennandi fyrir unglingana og hafa þátttöku þeirra sem mesta. Meðal annars var voru unglingar fengnir til að segja skoðanir sínar á málefnum í þætti sem kallaður var Orðið á götunni og voru svör unglinganna birt á vef UngRÚV. Um 800 unglingar úr Reykjavík komu í þessar heimsóknir.

Nú er í þróun ný hugmynd, **RÚV skólinn** þar sem færri unglingum verður boðið upp á dýpra nám og meiri möguleika á meiri reynslu og framlegð til miðilsins. RÚV skólinn mun leysa þessar heimsóknir af hólmi.

Félagsmiðstöðvarheimsóknir

UngRUV heimsótti Félagsmiðstöðvar í Reykjavík og gerði innsög um starfsemina. Starfsmaður UngRÚV fór í félagsmiðstöðvarnar og fékk unglingana til að segja sér frá starfinu, sýna það helsta og taka þátt í áskorunum með unglingum. Hér er td. eitt um þegar félagsmiðstöðvar opnuðu eftir samkomubann. <http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/ungruv/28046/8beup9>

Lítil skref

Umhverfisverndarþættir framleiddir með unglingum úr Reykjavík. Saga, sem er unglingur í Langholtsskóla fjallar um hvernig hver og einn getur breytt lífi sínu og lífsstíl til að fara betur með jörðina. <http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/sumarid/29280/8n7hg5>

UngRÚV ráðið

Sett var á laggirnar **UngRÚV ráð**, ungmennaráð UngRÚV sem samanstendur af unglingum og starfsmanni UngRÚV. Ráðið hefur mótað stefnu UngRÚV og tekið þátt í þróun miðilsins. UngRÚV ráðið hefur gefið unglingum tækifæri til að láta hugmyndir unglinga verða að veruleika, verið vettvangur fyrir unglinga að læra og hafa áhrif. Áhugasamir unglingar geta boðið sig fram í ráðið en í því eru langflestir úr Reykjavík í dag.

Hvað geta Ungmennni gert?



UngRÚV og Mixtúra, margmiðlunarverk SFS, unnu saman að því að taka upp og miðla fréttum af málþingi ungmennaráða í Reykjavík **Hvað geta ungmennni gert?** sem var skipulagt af unglingum undir leiðsögn verkefnastjóra á frístundaskrifstofu Skóla- og frístundasviðs. Þar ræddu unglingarnir hvað þau vilja gera og hvað þau vilja að verði gert í umhverfismálum. UngRUV og Mixtúra tóku viðtöl við ungmennni og stemminguna á þinginu sem birt var á vefnum UngRUV.is.

Útvarp UngRUV,

Vikulegir þættir á Rás 1. Í þáttunum er kafað ofan í þau mál sem brenna á unglingum hverju sinni; tónlist, tíska, samfélagið, geðheilbrigði, stjórnmál og fleira. Útvarp UngRÚV er þáttur þar sem raddir unglinga koma fram og þau tjá sig um málefni unglinga í dag. <http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/utvarp-ungruv/29293/8nbgfh>

Unglingar gegn ofbeldi



Unglingar gegn ofbeldi er átak um mörk og samþykki sem frumsýnt var á **Samfestingnum** 2019. Samfestingurinn er stærsti unglingaviðburður ársins á Íslandi. Í ár 2020 hefur **Samfestingnum** verið aflýst og því voru fundnar nýjar leiðir til að fræða unglinga og áhersla lögð á samfélagsmiðla og að dreifa boðskapnum með myndbandi, m.a. á UngRÚV. Markmiðið með áttakinu er að minna unglinga á að virða hvort annað og hjálpa þeim að

skilja hvernig er hægt að eiga í góðum samskiptum og samböndum.

<http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/ungruv/28046/8beup7>

Verksmiðjan

Verksmiðjan; nýsköpunarkeppni ungs fólks á aldrinum 13-16 ára. Undirbúningur og skipulag verkefnisins hófst haustið 2018 en keppnin hófst í byrjun janúar 2019. Þátttakendur unnu frumgerðir að hugmyndum/uppfirningum sínum í Fab Lab smiðjunum á Íslandi og ferlið myndað af framleiðsluteymi RÚV. Fimm sjónvarpsþættir um Verksmiðjuna, iðngreinar og nýsköpun voru sýndir í tengslum við verkefnið. Tónlistarmaðurinn Daði Freyr tók virkan þátt í Verksmiðjunni og þróaði hljóðfæri í samstarfi við Fab Lab. Fylgst var með ferlinu á **ungruv.is** og í sjónvarpsþáttunum.

Að verkefninu stóðu Samtök iðnaðarins, Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Fab Lab á Íslandi og RÚV <https://ungruv.is/verksmidjan/>

Danskeppni Samfés

Undankeppni **Dance World Cup**, haldin á stóra sviði Borgarleikhússins. Um 200 dansnemar frá listdansskólum landsins spreyttu sig í undankeppni DWC. Um einstakan dansviðburð var að ræða en í gegnum undankeppni DWC á Íslandi mun Ísland í fyrsta sinn eignast landslið í danslist sem keppir á alþjóðlegu mótí erlendis. <http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/dance-world-cup/28883/8jechh>

Stíll hönnunarkeppni Samfés

UngRÚV var á staðnum og tók upp viðburðinn með fjölda myndavéla og búnaði RÚV. Fengu ungir áhugasamir unglingar að spreyta sig á upptöku og klippivinnu.

Tækifæri: Skoða hvort viðburðurinn getur farið fram í Hafnarhúsi Listasafni Reykjavíkur.

Samfés ballið

UngRÚV var á staðnum ásamt hressum unglingum sem tóku viðtöl við aðra unglinga, flytjendur og aðstandendur ballsins <http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/ungruv/28046/8beup0>. Um 4500-5000 unglingar á landinu koma á Samfés ballið

Söngkeppni Samfés

Söngkeppni Samfés er söngsamkeppni þar sem unglingar úr félagsmiðstöðvum landsins keppa sín á milli í tónlistarflutningi. Hefur verið sýnd í beinni útsendingu á RÚV en í ár var keppnin haldin á UngRUV.is en nú sendu félagsmiðstöðvarnar inn upptökur af lögunum því ekki var hægt að halda samkeppnina með hefðbundnum hætti vegna Covid19. <http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/songkeppni-samfes-2020/30530/9350i3>

Rímnaflæði

Mikil gróska er í íslensku rappi um þessar mundir. Rappkeppni félagmiðstöðva Samfés fer jafnan fram í nóvember. UngRUV hefur sent keppnina út í beinni útsendingu á UngRUV. Síðasta ár var nýtt fyrirkomulag á útsendingune en UngRUV kíkti þá inn á keppnina, fylgist með úrslitunum og tók viðtöl við valda keppendur.

Tækifæri: Skate keppni og rímnaflæði. Hægt að bæta við ljóðaslammi. Allt í beinu streymi á UngRÚV.

Þingfundur ungmenna

Þingfundur ungmenna var haldinn í tilefni af 75 ára afmæli lýðveldisins og var í beinni útsendingu þann 17. júní 2019. Markmiðið með fundinum er að gefa ungu fólki á aldrinum 13 – 16 ára kost á að kynna sér störf Alþingis og tækifæri til að koma málefnum sem á þeim brenna á framfæri við ráðamenn þjóðarinnar. Fulltrúi frístundaskrifstofu SFS sá um að halda utan un undirbúning unglínganna. Þátttakendur voru af öllu landinu en ríflega helmingur þeirra voru úr Reykjavík.

<http://ungruv.spilari.ruv.is/spila/thingfundur-ungmenna-17-juni-2019/29128/8lp545>

Tækifæri í náinni framtíð í áframhaldandi samstarfi

Tímabil þróunar hefur sýnt okkur hversu margt samstarf UngRÚV og SFS getur gefið af sér. Tækifærin eru mikil. Helsta áskorunin hefur verið að fá efni að frumkvæði unglínga eða að fá skóla- og félagsmiðstöðvar til að hafa frumkvæði að því að skapa efni.

Næsta skref er að auka sýnileika unglínga í línulegri dagskrá á RÚV. Í haust er stefnt á að setja í loftið unglíngapátt sem að miklu leyti verður stýrt af unglíngum og stefna þáttarins verður þeirra. Fræðslu- og skemmtun um unglínga, fyrir unglínga á besta tíma fyrir foreldra. Spurningarnar sem unglíngar eru að spyrja að í dag.

Aukið samstarf við Mixtúru um Töku. Stuttmyndasamkeppni barna og unglínga sem Mixtúra hefur haldið utan um verði í samstarfi við UngRÚV - UngRÚV sýnir flottustu myndirnar og tekur viðtöl við sigurvegara. Félagsmiðstöðvar og grunnskólar, videónefndir, dönskumyndbönd, hafi meira frumkvæði til að senda inn efni sem birt yrði á UngRÚV

Mikilvægt að SFS skilgreini hvernig við viljum nýta samstarfið við UngRÚV. Það má ganga lengra með þá stefnumótun okkar megin.

Mikil tækifæri í að koma inn fræðslu frá sérfræðingum á sfs sbr. Viku sex myndböndin. Þegar þáttur í línulegri dagskrá gæti farið í loftið í haust og þá væri spennandi að nýta efni og sérfræðipækkingu á SFS.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundasvið

Sendandi: Embætti borgarlögmanns

Minnisblað - drög að samstarfs- og styrktarsamningi við RÚV

Með bréfi, dags. 28. maí 2018, óskaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eftir álit borgarlögmanns á því hvort tilgreindur samningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við RÚV væri í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Í 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar er kveðið á um heimild til að veita undanþágu til að nota innkaupaferli við nánar tilgreindar aðstæður, meðal annars við kaup á þjónustu tengdri menntun og tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi. Við túlkun á því hvort tilteknir samningar falli undir ákvæðið skal líta til II. viðauka A og B við lög um opinber innkaup og viðeigandi CPV kóða sem notaður er til að skilgreina þjónustuna sem undir ákvæðið fellur. Umræddur samningur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við RÚV felur í sér samstarf milli samningsaðila og hefur það að markmiði að styðja við unglingalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir unglinga í íslensku samfélagi í samræmi við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar, m.a. með námskeiðum í tækni- og dagskrárgerð fyrir nemendur á efsta grunnskólastigi. Þjónustan sem samningurinn kveður á um fellur samkvæmt því undir CPV kóða 80000000-4 (education and training services) og 80300000-7 (youth education service). Að mati borgarlögmanns fellur umræddur styrktarsamningur því undir þá starfsemi sem tilgreind er í 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Rétt er að geta þess að fjárhæð samningsins er undir viðmiðunarfjárhæðum VIII. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup og er því ekki fyrir hendi lagaskylda að bjóða samninginn út í samræmi við ákvæði þeirra laga.

Samkvæmt 13. gr. innkaupareglna er skylt að afla samþykkis innkauparáð um fyrirhuguð innkaup á þjónustu sem fellur undir ákvæðið. Borgarráð getur þó eftir atvikum einnig veitt samþykki fyrir því að víkja frá innkaupaferli, sbr. 46. gr. samþykktar nr. 715/2013 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Fyrir hönd borgarlögmanns,

Benedikt Hallgrímsson lögmaður